

# Bátatrygging Landsambands smábáteiganda

Skilmáli nr. M-5

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. kafli Bótasvið

### 1. gr. Munir sem váttryggingin nær til – hver er váttryggður

- 1.1 Váttryggingin tekur til báts þess, sem greint er í skírteininu, fylgifyr hans, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til báts og fylgifyrjar teljast m.a. vélar bátsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og girum, vindum, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í bátnum.
- 1.2 Undir váttrygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.
- 1.3 Váttryggður er eigandi báts sem tiltekin er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. gr. Landfræðilegt gildissvið-breytingar á notkun báts

- 2.1 Félagið er laust úr ábyrgð ef skipið fer út fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands. Ábyrgðin hefst að nýju þegar skipið kemur innfyrr fiskveiðilandhelgina á ný.
- 2.2 Þessi váttrygging tekur ekki til báts sem er leigður, hvort sem um er að ræða tímabundin leigusamning eða leigusamning til tiltekinna ferðar, nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini
- 2.3 Þessi váttrygging tekur ekki til báts sem er notaður til farþega eða farmflutninga nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini

### 3. gr. Almennt bótasvið

- Félagið bætir tjón á bátnum sem stafar á beinan hátt af;
- 3.1 bruna, sprengingu eða eldingu;
  - 3.2 árekstri á grunn, strand eða að báturinn sekkur;
  - 3.3 foki, snjóflóði, aurskriðum, ís, straum eða sjó.
  - 3.4 völdum brotsjós, ef ólag riður á bátinn með þeim afleiðingum að báturinn eða hlutar hans brotna;
  - 3.5 ásiglingu á fastan hlut eða fljótandi, þ.m.t. ís, eða árekstur við annað fljótandi far, svo fremi sem annað farið sé undir siglingastjórn;
  - 3.6 báturinn losnar frá eða sekkur við höfn eða bauju sem viðurkennd er sem viðlegufæri;
  - 3.7 innbroti, þjófnaði eða skemmdarverkum;
  - 3.8 boltjóni á bátum úr trefjagleri eða plastefnum þannig að greiddur er viðgerðarkostnaður samkvæmt viðurkenndum aðferðum og teljast það fullnaðarbætur, þó um útlitsgalla verði að ræða;
  - 3.9 skyndilegri og óvæntri óhappatilviljun við sjósetningu eða upptöku, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis;
  - 3.10 þátttöku í sameiginlegu sjótjóni skv. 6. kafla laga nr. 34/1985 um siglingar.
  - 3.11 Váttryggingin tekur yfir sérhverja einkaréttar skaðabótakröfu, sem váttryggður kann að þurfa að greiða vegna þess að hinn váttryggði bátur rekst á annað skip eða far, hvort sem er tjón á munum eða mönnum. Aldrei greiðist hærrí fjárhæð en sem nemur takmarkaðri ábyrgð útgerðarmanns skv. gildandi siglingalögum eða Brüsselsamþykktinni frá 1957.
  - 3.12 Nú rekst váttryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskilylt, þótt það skip sé eign váttryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn. Þegar svo stendur á, skulu váttryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað að dómstjórnin í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstóla.

### 4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

- Váttrygging þessi bætir ekki eftirtalin tjón.
- 4.1 Skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum aflu eða annars, sem báturinn flytur.
  - 4.2 Tjón á drifbúnaði, rafkerfi, staðsetningartækjum, fjarskiptatækjum, radar, fiskleitartækjum, línuvindum og öðrum sambærilegum búnaði nema að tjónið megi rekja beint til atvika sem bótaskyld eru skv. gr. 3.4.
  - 4.3 Tjón á möstrum, seglum eða reiða við skipulagða siglingakeppni.
  - 4.4 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga, sem gera þarf á bátnum vegna hönnunargalla.
  - 4.5 Skemmdir á þeim hlutum bátsins, sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
  - 4.6 Tjón er stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.
  - 4.7 Óbeint tjón váttryggðs, svo sem aflatjón og kostnaður váttryggðs af töfum. Sama á við um kostnað vegna mannahalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur.
  - 4.8 Tjón af völdum samsláttar við hafnarmannvirki, annað skip eða báta nema að um sé að ræða árekstur undir vélarafli.

### 5. gr. Váttryggingarfjárhæð – ákvörðun bóta

- 5.1 Váttryggingarfjárhæð er tiltekin á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum bát eða hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.

- 5.3 Skemmist báturinn án þess að altjón séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við bátinn, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hann var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði bátsins, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- 5.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum, vélbúnaði og varahlutum skulu bætur nema frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hlutarins.
- 5.5 Sé bátur metin af Fjárhæðarnefnd fiskiskipa skal mat Fjárhæðarnefndar ákvarða váttryggingarfjárhæð.
- 6. gr. Skilgreiningar altjóns**
- 6.1 Báturinn ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga honum og gera við hann.
- 6.2 Báturinn verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann nemur hærri fjárhæð en váttryggingarverðinu.
- 7. gr. Eigin áhætta**
- Af sérhverju tjóni, ber váttryggður í eigin áhættu þá fjárhæð sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Váttryggður ber þó ekki eigin áhættu verði báturinn fyrir altjóni sbr. 6. gr.

### **Vélatjón opinna báta**

- 8. gr. Vélatjón**
- 8.1 Váttryggingin bætir skemmdir á eftirtöldum vélarhlutum skemmist þeir af öðrum orsökum en greinir í 9. gr.: Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok, kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás, sveifaráslegur, olíudælur og botnskál svo fremi sem vélin sé staðsett í sérstöku vélarrúmi og að þeim skilyrðum uppfylltum sem greinir í gr. 8.2 og gr. 8.3
- 8.2 Aðalvél skal vera yngri en 10 ára við gildistöku þessarar váttryggingar eða við endurnýjun hennar.
- 9. gr. Hvernig vélatjón eru bætt**
- 9.1 Félagið bætir váttryggðum verð vegna nýrra varahluta en annar kostnaður svo sem vinna, flutningskostnaður eða slippkostnaður bætist ekki.
- 9.2 Eftirfarandi afskriftarreglum er beitt þegar bætur skv. gr.8 6.1 eru ákvarðaðar:
- | Aldur vélar | Afskriftir |
|-------------|------------|
| 1 ár        | 7%         |
| 2 ár        | 14%        |
| 3 ár        | 21%        |
| 4 ár        | 28%        |
| 5 ár        | 35%        |
| 6 ár        | 42%        |
| 7 ár        | 49%        |
| 8 ár        | 56%        |
| 9 ár        | 63%        |
| 10 ár       | 70%        |

Lágmarkssjálfsábyrgð í vélatjónum er kr. 150.000.-

9.3 Ákvæði 8. og 9. gr. eiga aðeins við um þilfarsbáta ef að váttryggingartaki er félagi í Landssambandi smábátæiganda.

### **10. gr. Undanþágur frá bótaábyrgð vegna vélatjóna**

- 10.1 Þessi váttrygging bætir ekki tjón á vél sem stafa af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, sliti, þreytu, tæringu og hönnunargalla.
- 10.2 Þessi váttrygging bætir ekki tjón sem verða vegna þess að báturinn er útbúin svokölluðu blautpústi, það er útblástur vélarinnar er tengdur sjókælingu.

### **11. gr. Tjónsatvik (Sérákvæði vegna uppsáturs)**

Váttryggingin bætir tjón á bátnum í uppsátri af völdum bruna, foks sbr. gr.3 4.3, snjóflóða, aurskriðna, innbrots og skemmdarverka sbr. gr. 3.7 sem og eldgosa.

### **12. gr. Varúðarreglur**

- 12.1 **Báturinn skal fullnægja reglum Siglingamálastofnunar hverju sinni og hafa ávallt gilt haffærisskírteini þegar látið er úr höfn.**
- 12.2 **Þegar bátur er geymdur í höfn eða í lægi skal vera tryggilega frá öllum festingum gengið. Sama gildir sé bátur geymdur á landi. Váttryggður skal sjá til þess að reglulegt eftirlit sé með bátnum.**
- 12.3 **Bátnum skal læst tryggilega þegar frá honum er gengið. Siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður skal fjarlægður úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn í lengri tíma.**
- 12.4 **Aðalvél skal vera vatnskæld og við vélina sé tengdur viðvörunarbúnaður sem gefur viðvörun vegna:**
- óeðlilegs vinnuhita vélar;
  - falls á smurþrýsting vélar;
  - elds í vélarrúmi ef að bátur er 8 metrar eða lengri;
  - vatns í vélarrúmi.

## **2. kafli Almenn skilyrði**

### **1. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur**

- 1.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn

mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

- 1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.
- 1.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 1.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.
- 1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

## 2. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 2.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 2.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 2.3 Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

## 3. gr. Varúðarreglur

**Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**

## 4. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

- 4.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 4.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 5. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

- 5.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætjanleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 5.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 5.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

## 6. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- 6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 6.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingatímabilsins.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
  - 6.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
  - 6.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
  - 6.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
  - 6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

## 7. gr. Tvítrygging - undirtrygging - tjón á váttryggingartímabilinu

- 7.1 Séu hagsmunir þeir sem váttryggðir eru í þessari váttryggingu, jafnframt váttryggðir annarri váttryggingu hjá félaginu ræður váttryggður hvaða váttrygging greiðir tjónið. Sé í gildi váttryggingarsamningur hjá öðru váttryggingarfélagi greiðir þessi váttrygging hlutfallslegar bætur eftir ábyrgð hvers félags um sig.
- 7.2 Sé heildarverðmæti hins váttryggða hærra en váttryggingarfjárhæðin greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur samkvæmt eftirfarandi formúlu:  $Tjónabætur = \frac{Váttryggingarupphæð \times Tjónsupphæð}{Raunverulegt heildarverðmæti þess sem er váttryggt}$
- 7.3 Hafi félagið greitt tjón úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu þá lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils, nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

## 8. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

## 9. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði, verkföllum eða óeirðum.

## 10. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

- 10.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 10.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## 11. gr. Endurgreiðsla iðgjalds- eigandaskipti

- 11.1 Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.
- 11.2 Verði eigandaskipti að hinu váttryggða fellur váttrygging þessi niður. Váttryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.
- 11.3 Verði bátur fyrir altjóni sbr. gr. 6 í 1. Kafla, endurgreiðist iðgjald ekki.

## 12. gr. Réttur þriðja manns- Samsömun

- 12.1 Nú eru hinn váttryggði bátur veðsettur og telst þá váttryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.
- 12.2 Sé váttrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggingartaka eða váttryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

## 13. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

## 14. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010**

## Ákvæði um endurgreiðslu iðgjalds vegna uppsáturs

Félagið endurgreiðir iðgjald vegna uppsáturs skv. eftirfarandi reglum.

Endurgreiðsla nemur 0,1% af váttryggingarverðmæti fyrir hverja 20 samfellda daga.

Hámarksendurgreiðsla vegna uppsáturs nemur 0,5% af váttryggingarverðmæti.

Inneign vegna endurgreiðslu skv. ofangreindu kemur til endurgreiðslu með frádrætti á iðgjaldi fyrir næsta váttryggingartímabil við endurnýjun váttryggingarinnar.

## Ákvæði um bónus/malus

Váttryggingartaki vinnur sér inn eftirfarandi bónus/malus á iðgjald váttryggingarinnar miðað við hvert þriggja ára váttryggingartímabil og að því gefnu að váttryggingu sé ekki sagt upp af hálfu váttryggingartaka eða félagsins við endurnýjun.

### Tjónshlutfall 3 næstliðinna ára við endurnýjun

00%-39%  
40%-49%  
50%-59%  
60%-69%  
70%-79%  
80%-110%  
111%-129%  
130%-139%  
140% og yfir

### Bónus/malus

-15%  
-10%  
-6%  
-4%  
-2%  
0  
+2,5%  
+5%  
Sérákvörðun félagsins